

AUGLÝSING

um framlengingu reglugerðar um fasteignaskatt í Reykjavík,
nr. 117 22. nóvember 1938.

16

31. jan.

Reglugerð um fasteignaskatt í Reykjavík, nr. 117 22. nóvember 1938, framlengist til þess að gilda áfram um næstu fimm ár frá og með 1. janúar 1949 að telja.

Ákvörðun þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefur gert og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 67 12. apríl 1945, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 31. janúar 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

17

1. febr.

fyrir Minningarsjóð hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður hjónanna Sigríðar Friðbertsdóttur og Þorvalds Gissurarsonar, og sonar þeirra, Gissurar Þorvaldssonar frá Selárdal.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3341.00 — þrjú þúsund þrjú hundruð fjörutíu og ein króna —. Enn fremur á sjóðurinn 1 hndr. f. m. í jörðinni Suðureyri í Súgandafirði, tekur hann tekjur af því, þó með þeim takmörkunum, að Guðmundur Þorvaldsson, Suðureyri, má hafa leigulaust grasnyt þess, meðan hann getur notað hana.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við gjöfum, áheitum og minningargjöfum, leggst það fé við höfuðstól hans.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Sparisjóði Súgfirðinga, eða á annan tryggan hátt.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að viðhalda kirkjugripum Suðureyrarkirkju og að fegra hana og prýða á allan hátt.